



**Lyfjastofnun**

Icelandic Medicines Agency

# Vikuleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar gilda um lyfjaskort sem hefur verið tilkynntur Lyfjastofnun


Vika 46, 2025



# Lyf í skorti í dag - áhrif á lyfjanotendur

## 305 lyfjapakkingar eru í lyfjaskorti:

- Í **95%** tilvika munu lyfjanotendur fá sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts eru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- **5** mismunandi lyfjapakkingar eru í skorti þar sem læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- Engin lyfjapakking er í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð er fáanleg.
- 10 lyf eru merkt sem sérpöntun/útboðslyf, um er að ræða lyf sem er að jafnaði ekki til á lager, en heildsala mun panta það ef þörf er á. Til dæmis útboðslyf sem er ekki fyrsta val.



● Sambærileg lyf til á markaði ● Sérpöntun / útboðslyf ● Ekki til lyf með sama ATC númeri

- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í sérlyfjaskrá og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á vefsíðu stofnunarinnar.

# Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka meðferð - hvað kemur í staðinn?

| Heiti lyfs                                                  | ATC-flokkur | Upphafsdags. skorts | Áætluð lokadags. skorts | Fjöldi daga í fyrirvara | Ábendingar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Ráðleggingar / annað                                                                                                                     |
|-------------------------------------------------------------|-------------|---------------------|-------------------------|-------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Neiratax 100 mg/ 100 mg/ 1 mg/ 20 mg/ 2 ml stungulyf, lausn | A11DB       | 3.11.2025           | óvíst                   | -4                      | Meðferð við blóð- og taugafræðilegum einkennum af völdum viðvarandi skorts á B1-, B6- og B12-vítamínum                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | <ul style="list-style-type: none"> <li>Lyfið er fáanlegt á lager hjá heildsölu með knappri fyrningu, 31.1.2026.</li> </ul>               |
| Xeomin 100 ein. stungulyfsstofn, lausn                      | M03AX01     | 12.11.2025          | 16.12.2025              | 2                       | Lyfið er ætlað til einkennamiðaðrar meðferðar hjá <ul style="list-style-type: none"> <li>fullorðnum við; hvarmakrampa og vangakrampa, vöðvaspennutruflun í hálsi með snúningi, síbeygjukrampa í handlegg, langvinnu auknu munnvatnsrennsli vegna taugakvilla.</li> <li>Hjá börnum sem vega <math>\geq 12</math> kg; langvinnu auknu munnvatnsrennsli vegna taugakvilla / taugaproskakvilla.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Önnur stungulyf með sama virka innihaldsefni eru fáanleg.</li> </ul>                              |
| DuoTrav augndropar, lausn                                   | S01ED51     | 6.10.2025           | 17.11.2025              | 11                      | Lyfið er ætlað fyrir fullorðna til að lækka augnþrýsting hjá sjúklingum með gleiðhornsgláku eða of háan augnþrýsting, þegar ekki hefur náðst viðunandi árangur með staðbundnum betablokkum eða prostaglandínhlíðstæðum                                                                                                                                                                                 | <ul style="list-style-type: none"> <li>Önnur augnlyf sem innihalda timolol eru fáanleg en ekki með sömu samsetningu.</li> </ul>          |
| Tobradex augndropar, dreifa                                 | S01CA01     | 24.10.2025          | 19.11.2025              | 1                       | Til að koma í veg fyrir og meðhöndla bólgu og fyrirbyggja sýkingu í tengslum við dreraðgerð hjá fullorðnum og börnum 2 ára og eldri.                                                                                                                                                                                                                                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Annað augnlyf sem inniheldur dexamethason er fáanlegt en ekki í blöndu með tobramycin.</li> </ul> |
| Epiduo 0,1%/ 2,5 % hlaup                                    | D10AD53     | 31.10.2025          | 30.1.2026               | 18                      | Meðferð á húð við þrymlabólum þegar fílapenslar, nabbar og graftarbólur eru til staðar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | <ul style="list-style-type: none"> <li>Önnur markaðsett lyf ætluð til notkunar við bólum eru fáanleg.</li> </ul>                         |

## Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem hugsanlega þarf að breyta lyfjameðferð - 2025

● Ekkert sambærilegt lyf er á markaði / fáanlegt ● Ekki til lyf með sama ATC númer en sambærilegt lyf í sama flokki er á markaði / fáanlegt



**Janúar- október 2025, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:**

- 4,5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 4 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

*Samanburður við fyrra ár*


**2024, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:**

- 5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 8 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Grafið sýnir þann mánuð sem tilkynning barst Lyfjastofnun, óháð því hvenær skortur hefst.


# Þörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts

## Staðan í dag



## Þróun 2025

Áhættustig ● Hátt ● Lágt ● Miðlungs



### Janúar- október 2025:

- 34% alvarleikastig hátt
- Í 67% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

### Allt árið 2024:

- 35% alvarleikastig hátt
- Í 58% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

### Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:


**Lágt** Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort því hægt er að breyta lyfjaávisun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt. Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkingastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar

**Miðlungs** Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).

**Hátt** Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.

# Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga fyrir lyfjaskort sem er til staðar í dag

- 34% tilkynninga barst Lyfjastofnun þegar skortur var hafinn, samanborið við 43% árið 2024
- 12% tilkynninga bárust með 1-7 daga fyrirvara, samanborið við 14% árið 2024



**Fyrirvari er mikilvægur** svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

**Lágmarksbirgðir** – Öll hin Norðurlöndin hafa innleitt löggjöf varðandi skyldur um að halda lyfjalager nauðsynlegra lyfja í landinu og slíkt er nauðsynlegt hérlandis.

# Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf

- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.**
  - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

20

- **Heimildir í gildi í dag þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis**
- **Það sem af er ári hafa verið veittar heimildir fyrir 63 lyf**, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana. Frekari upplýsingar í [sérlyfjaskrá](#).